



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 94. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 14. febrúar 2011 kl. 10:30 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ragna Karlsdóttir og Sigurður M. Garðarsson.

**1. Fundargerð síðasta fundar.** Fyrirliggjandi drög samþykkt, með einni breytingu.

### **2. Aðalfundur og vorfundur JHFÍ 2011**

Aðalfundur skal halda fyrir lok aprílmánaðar og boða til hans með a.m.k. tíu daga fyrirvara. Ákveðið að stefna á þriðjudaginn 12. apríl, kl. 13:00 í húsakynnum OR við Bæjarháls. Kosið verður í þrjú sæti í stjórn, en GAS, JM og RK voru kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2009. GAS gefur kost á sér til endurkjörs en JM og RK ekki. Samstaða um að leggja til að Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson verði endurkjörnir skoðunarmenn reikninga, og Oddur Björnsson til vara. Stjórn hyggst á aðalfundi (og við boðun hans) leggja fram breytingartillögu við samþykktir félagsins, 7. gr., þar sem tekin verði út krafan um samþykki aðalfundar við inngöngu nýrra félaga, þannig að stjórn geti samþykkt inngöngu nýrra félaga og tilkynnt um það á aðalfundi.

Stefnt að því að vorfundur taki við kl. 14:00, að loknu kaffihléi. Rætt var um þema vorfundarins og horft til þeirrar miklu stefnumótunarvinnu sem nú á sér stað í stjórnkerfinu, sbr. eignarhald, orkustefnu o.fl. Nánar verður fjallað um dagskrána síðar.

### **3. JHFÍ sem umsagnaraðili**

Með hliðsjón af löngum lista umsagnaraðila um drög að orkustefnu fyrir Ísland var rætt um hvort JHFÍ ætti að vera umsagnaraðili um slík málefni. Almennt er það mat stjórnar að félagið sé fremur fagfélag en hagsmunasamtök og því almennt ekki talin ástæða til að félagið gerist umsagnaraðili um slíka stefnumótun, án þess þó að það sé útilokað.

### **4. Orðanefnd jarðhitamála**

Mikil vinna hefur verið lögð í skilgreiningar hugtaka í tengslum við skýrslugerð á vegum iðnaðarráðuneytis um sjálfbærni. Meðal skýrsluhöfunda er áhugi fyrir að áfram verði haldið utan um verkið. BP kannar hvort VFÍ haldi úti sambærilegri skrá.

### **5. Önnur mál**

- Rætt um erindi frá IGA European Regional Branch, v. ráðstefnu, sem GAS kynnir félagsmönnum
- Rætt um að GAS kalli eftir stuttu yfirliti frá styrkþegum félagsins á liðnu ári, um til hvers styrkjunnar var varið og hverju þeir skiluðu styrkþegum.

Næsti fundur mánudaginn 7. mars kl. 15:00, í húsakynnum ÍSOR.

Fundi slitið kl. 11:50. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---